



FRÉTTABRÉF

FRÁ SVEITARSTJÓRN

SVEITARSTJÓRNARFUNDIR

Frá síðasta fréttabréfi hafa farið fram sex fundir sveitarstjórnar. Á fundi sveitarstjórnar nr. 377 var framlagt rekstraryfirlit janúar til mars 2023. Rekstrarniðurstaða fyrstu þrjá mánuði ársins er 48,4 mkr. betri en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir, sjá nánar í fundargerð.

Á fundi sveitarstjórnar nr. 378 var Helgi Pétur Ottesen tilnefndur sem aðalmaður í stjórn Þróunarfélags Grundartanga ehf. í stað Björgvins Helgasonar sem hefur starfað frá stofnun félagsins, auk þess að vera fyrsti formaður þess, frekari upplýsingar um félagið má finna [hér](#). Á sama fundi var yfirlýsing sveitarstjórnar vegna tímabundinnar stöðvunar hvalveiða lögð fram, sjá [hér](#).

Á fundi sveitarstjórnar nr. 379 var lagt fram álit Innviðaráðuneytisins vegna ágangs búfjár auk þess sem innsend erindi voru tekin fyrir. Sjá nánar um ágang búfjár [hér](#).

Á fundi sveitarstjórnar nr. 380 var samþykkt jafnréttisstefna Hvalfjarðarsveitar fyrir tímabilið 2023-2027.

Stefna Hvalfjarðarsveitar gegn einelti, kynbundnu og kynferðislegri áreitni og ofbeldi var samþykkt á sveitarstjórnarfundum nr. 381. Á þeim fundi var einnig samþykkt jafnlaunastefna Hvalfjarðarsveitar, sem og tíma- og verkáætlun vegna vinnu við fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun.

14 afgreiðslumál frá 22. fundi umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðar- nefndar voru tekin fyrir á fundi sveitarstjórnar nr. 381, sjá nánar [hér](#).

Ósk Dagnýjar Hauksdóttur um lausn frá störfum í fræðslunefnd var samþykkt og þakkar sveitarstjórn henni kærlega fyrir hennar framlag í þágu fræðslumála í Hvalfjarðarsveit.

Á 382. fundi sveitarstjórnar samþykkti sveitarstjórn að fela verkefnastjóra framkvæmda og eigna og formanni Mannvirkja- og framkvæmdanefndar í samstarfi við ráðgjafa verkefnisins, ASK arkitekta, að endurskoða útboðsferlið og uppfæra kostnaðaráætlun verksins og að því loknu leggja málið aftur fyrir sveitarstjórn með það að markmiði að verkið verði boðið út í upphafi næsta árs.

Á sama fundi var einnig samþykkt erindisbréf samstarfsnefndar Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar sem hefur það að markmiði að hafa/eiga formlegan vettvang til samtals bæði vegna núverandi sameiginlegra verkefna sem og mögulegra framtíðarverkefna.

Nefndinni er ætlað að tryggja upplýsingaflæði, samráð, samtal og samstarf milli kjörinna fulltrúa sveitarfélaganna.

Ýmis önnur mál, sem ekki er getið hér, hafa einnig verið tekin fyrir, sjá fundargerðir nefnda og sveitarstjórnar [hér](#).

NAFN Á ÚTVISTARSVÆÐIÐ Í MELAHVERFINU

Sveitarstjórn þakkar kærlega fyrir allar nafnahugmyndir sem bárust en þær voru margar og fjölbreyttar. Það gleður sveitarstjórn að kynna að nafnið **Vinavöllur** varð fyrir valinu. Sveitarstjórn hvetur öll til að koma í Melahverfi og nýta þá flottu aðstöðu sem er á lokametrunum í framkvæmd.





HVALFJARÐARDAGAR

2023 • 23-25. JÚNÍ

Hvalfjarðardagar voru haldnir hátíðlegir 23. til 25. júní sl. með fjölbreyttri dagskrá víðsvegar um sveitarfélagið. Vorsýning Skýjaborgar fór fram í stjórnsýsluhúsinu í Melahverfi þar sem margskonar listaverk eftir börnin á leikskólanum prýddu veggina. Á hótél Glym var dögurður, sundlaugin og Hernámssetrið að Hlöðum var opið alla helgina og í Álholtsskógi var Líf í lundi þar sem fram fóru víkingabúðir, mandölugerð úr skógarefni, skógarjóga, gönguferðir og fleira.

Á föstudagskvöldinu fór fram vel heppnuð kvöldvaka í Álholtsskógi í boði Norðuráls. Heiðmar Eyjólfsson og Maggi í Stuðlabandinu héldu uppi stuðinu og boðið var upp á popp. Hópfærðabílar Reynis Jóhannssonar buðu upp á rútuferðir frá stjórnsýsluhúsinu í Melahverfi sem fjöldi gesta nýtti sér.

Á laugardeginum var safnið hans Jóns í Gröf til sýnis í bílskúrnum og einnig garður þeirra hjóna. Þá fór fram skemmtun að Hlöðum þar sem Sirkus Íslands mætti með atriði og sprell, markaðstjald var opið og boðið var upp á andlitsmálningu, popp, hringekju, hoppkastala og teymt undir börnum á hestum á vegum Dreyra, að ógleymdri grillveislu í boði SS, MS og Krónunnar. Á laugardagskvöldinu var frítt inn í sundlauginu að Hlöðum og flutti hljómsveitin Hoppandi kát tónlist fyrir sundlaugargesti.

Á sunnudeginum fóru fram sumartónleikar í Hallgrímskirkju í Saurbæ þar sem systkinin í Hlíð ásamt fleiri gestum fluttu ljúfa tóna fyrir fullsetinni kirkju.

Hvalfjarðarsveit þakkar öllum þeim sem komu og tóku þátt í Hvalfjarðardögum kærlega fyrir komuna í sveitarfélagið sem og öllum styrktaraðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag. Sjálfbóðaliðum og öllum þeim sem lögðu hönd á plóg eru jafnframt færðar bestu þakkir fyrir þeirra störf.





KYNNINGAR, FUNDIR OG VIÐBURÐIR

Ýmsar kynningar hafa farið fram síðustu vikur ásamt fundum og viðburðum. Má þar nefna 17. júní hátíðardagskrá í Heiðarskóla.

Valdís Valgarðsdóttir og Ingibjörg Elfa Sigurðardóttir sáu um skipulag á hátíðarhöldum fyrir hönd Tónlistarfélags Hvalfjarðarsveitar og þakkar Hvalfjarðarsveit þeim kærlega fyrir þeirra framlag og afar vel heppnaða dagskrá.

Sveitarstjórn fékk kynningu á framkvæmdum á Höfða, það fór fram fundur um velferðarmál á Vesturlandi og síðasti fundur vinnuhóps vegna innleiðingar samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna í Hvalfjarðarsveit fór fram í ágústmánuði. Vinnuhópurinn hefur nú lokið störfum og mun samþætt þjónusta í þágu farsældar barna hefjast í Hvalfjarðarsveit á haustmánuðum. Á næstu vikum mun fara fram kynning fyrir börn og foreldra.

Sveitarstjórn og sveitarstjóra ásamt nefndarmönnum í mannvirkja- og framkvæmdanefnd sem og USNL nefnd var boðið í heimsókn til Elkem þar sem móttökurnar voru góðar og ánægjulegt og fróðlegt var að fræðast um starfsemina og skoða verksmiðjuna.

Þann 4. september sl. var haldinn fundur á vegum Vinnumálastofnunar á Hótel Glym til kynningar á fyrirhuguðu úrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd í húsnæði Hótel Glyms í Hvalfirði.

Um 50 íbúar og aðrir hagsmunaaðilar mættu til fundarins. Frá Vinnumálastofnun voru mætt Gísli Davíð Karlsson, Íris Halla Guðmundsdóttir og Guðrún Gísladóttir.

Samantekt upplýsinga er fram komu á fundinum má finna [hér](#):

Fjöldi fleiri viðburða, kynninga og funda hafa farið fram sem ekki er getið hér og margt framundan í haust.

FJALLSKIL 2023

A. Leitarsvæði Núparéttar.

Leitarsvæðið nær yfir Leirár- og Melasveit og Svínadal norðan Laxár inn að mörkum Hlíðarfótar og Eyrar. Leitardagur er á laugardegi fyrir rétt. Fyrri Núparétt var sunnudaginn 10. september kl. 13 og seinni rétt verður laugardaginn 23. september þegar smölun lýkur. Leitarstjórar eru Baldvin Björnsson og Hannes Adolf Magnússon. Réttarstjóri er Baldvin Björnsson.

Marklýsingamenn eru Helgi Bergþórsson og Atli Viðar Halldórsson. Skilamenn í Hornsrétt eru Baldvin Björnsson og Hannes Adolf Magnússon.

B. Leitarsvæði Reynisréttar.

Leitarsvæðið nær yfir Skilmannahrepp allan, Innri-Akraneshrepp og Akraneskaupstað. Leitardagar skulu vera sömu daga og réttir eru. Fyrri Reynisrétt er laugardaginn 16. september þegar smölun lýkur. Leitarstjóri er Sigurgeir Guðni Ólafsson. Réttarstjóri er Lilja Guðrún Eyþórsdóttir. Marklýsingamenn eru Ólafur Sigurgeirsson og Lilja Guðrún Eyþórsdóttir.

C. Leitarsvæði Svarthamarsréttar.

Leitarsvæðið nær yfir Hvalfjarðarströnd, Svínadal allan sunnan Laxár og norðan Laxár að innanverðu allt að merkjum Eyrar og Hlíðarfótar og upprekstrarland Akraneskaupstaðar á Botnsheiði og land jarða í Skorradalshreppi sunnan Fitjaár allt að landi Litlu Drageyrar. Leitardagar eru föstudagur og laugardagur fyrir fyrri skilaréttir. Fyrri Svarthamarsrétt er sunnudaginn 17. september kl. 10 og seinni rétt sunnudaginn 1. október þegar smölun lýkur. Leitarstjóri er Guðmundur Sigurjónsson. Réttarstjóri er Arnheiður Hjörleifsdóttir.

Marklýsingamenn eru Guðmundur Sigurjónsson og Jón Ottesen. Skilamenn í Oddstaðarétt eru Stefán Gunnar Ármannsson og Guðbjartur Þór Stefánsson.

Sveitarstjórn vonar að öll hafi náð að njóta vel í sumar og fari hress og kát inn í haustið.

**Bestu kveðjur,
sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar**